



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

SÝKL2SS05

Sýklafræði

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfisþætti sem móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sótthreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunaráhrif sýkla á mannlíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Námsefni:

Sýklafræði og sýkingavarnir. Ásdís Lilja Ingimarsdóttir og Þórdís Hulda Tryggvadóttir. Iðnú, 2022.

Áætlun yfirferðar:

Vika	Dagsetningar	Viðfangsefni	Verkefni og próf
1-2	1/1 - 12/1	1. og 2. kafli	Spurningar úr 1. og 2. kafla.
3-4	15/1 - 26/1	3. kafli	Spurningar úr 3. kafla.
5-6	29/1 - 9/2	4. kafli	Spurningar úr 4. kafla. Könnun úr 1.-4. kafla.
7	12/2 - 16/2	5. kafli	Spurningar úr 5. kafla.
8	19/2 - 23/2 Vetrarfrí 19+20/2	6. kafli	Spurningar úr 6. kafla.
9-11	26/2 - 15/3	VERKNÁM	
12	18/3 - 22/3	7. kafli	Spurningar úr 7. kafla.
13	Páskafri		
14	1/4 - 5/4	8. kafli	Spurningar úr 8. kafla. Könnun úr 5.-8. kafla.
15	8/4 - 12/4	9. kafli	Spurningar úr 9. kafla.
16	15/4 - 19/4	10. og 11. kafli	Spurningar úr 10. og 11. kafla.
17	22/4 - 26/4	12. kafli	Spurningar úr 12. kafla.
18-19	29/4 - 8/5	Upprifjun	Könnun úr 9.-12. kafla. Síðasti kennsludagur er 8/5.

Námsmat:

Tegund	Lýsing	Vægi
Skilaverkefni:	Spurningar í lok hvers kafla.	40%
Lokapróf:	Próf úr öllu námsefninu.	60%

Nemandi þarf að skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir (á tilsettum tíma) og mæta samkvæmt mætingaskyldu skólans til að öðlast próftökurétt.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Kennari: Sigrún Ína Ásbergsdóttir (SÍA)

sigrun.ina.asbergdottir@fsu.is